

Fimmtudaginn 14. mars 1996.

Nr. 85/1995.

Geiri hf.

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Landsbanka Íslands

(Ásgeir Þór Árnason hrl.)

Skuldamál. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. mars 1995. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í málinu nýtur ekki fullnægjandi upplýsinga um öll atvik að þeim bankaviðskiptum, sem kröfugerð stefnda byggist á. Á hinn bóginn er nægilega leitt í ljós með þeim gögnum, sem fyrir liggja, að stefndi veitti Nesporti hf. 21. ágúst 1985 lán, að fjárhæð 22.500 þýsk mörk, með 6,25% ársvöxtum og gjalddaga 21. febrúar 1986. Samkvæmt því og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Málið var tekið til úrskurðar um frávisunarkröfu áfrýjanda eftir munnlegan málflutning 22. mars 1994. Það var endurupptekið, flutt að nýju og tekið til úrskurðar 8. september s. á. Engar skýringar hafa komið fram á þessum óeðlilega drætti. Ber að átelja hann.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Geiri hf., greiði stefnda, Landsbanka Íslands, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 20. desember 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. nóvember sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Landsbanka Íslands, kt. 710169-3819, Austurstræti 11, Reykjavík, á hendur Geira hf., kt. 590184-0989, Skeifunni 13, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 29. apríl 1993.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til endurgreiðslu láns, að fjárhæð DEM 22.800, með dráttarvöxtum skv. 11. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun. Enn fremur er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól og málskostnað tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta skv. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Til vara gerir stefnandi sömu kröfur og að ofan greinir með þeirri breytingu, að í stað DEM 22.800 komi 336.411,70 kr. með dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. apríl 1989 til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati réttarins. Til vara er gerð sú dómkrafa, að stefnda verði einungis gert að greiða stefnanda 336.411,70 kr. með dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. apríl 1989 til greiðsludags og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Með úrskurði, upp kveðnum 8. september sl., var hafnað kröfu stefnda um frávisun málsins.

I.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að fyrir beiðni stefnda 15. ágúst 1985 hafi stefnandi veitt stefnda lán til sex mánaða, að fjárhæð DEM 22.800, vegna innflutnings á sendibifreið. Hafi heildarkrafa á hendur stefnda vegna veittrar innflutningsábyrgðar verið DEM 28.500. Við lánveitingu til stefnda hafi hann greitt DEM 5.700, en eftirstöðvarnar, DEM 22.800, hafi stefnandi leyst til sín með lántöku hjá Deutsche Bank í Hamborg, en hafi fært andvirði þess stefnda til gjalda 21. ágúst 1985.

Lán þetta hafi ekki fengist endurgreitt, og sé málsókn þessi því stefnanda nauðsynleg.

Nafni stefnda hafi verið breytt úr Nesport hf. í Geira hf. 1. maí 1990.

Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi fengið fé frá stefnanda og beri að endurgreiða það. Vextir eldri en fjögurra ára séu fyrndir, og því geri stefnandi einungis kröfu til greiðslu ófyrndra vaxta. Þar sem fyrirgreiðsla stefnanda hafi lotið að því að endurlána stefnda erlent lánsfé og beiðni stefnda um fyrirgreiðslu sé tilgreind í þýskum mörkum, beri að líta svo á,

að endurgreiðslukrafa stefnanda sé jafnframt í þýskum mörkum. Varakrafa sé hins vegar sett fram um endurgreiðslu fjármunanna í íslenskum krónum, komist dómurinn að þeirri niðurstöðu, að aðalkrafa eigi sér ekki lagastoð.

Stefnandi vísar til almennra reglna kröfuréttar kröfu sinni til stuðnings og 2. tl. 4. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905. Dráttarvaxtakröfur eru gerðar á grundvelli III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988, en með því að stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur samkvæmt þeim lögum, myndi stefnandi ella ekki fá kröfu sína að fullu greidda.

II.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi styður sýknukröfu sína um sumt sömu sjónarmiðum og sett voru fram til stuðnings frávisunarkröfu. Alls ekki sé ljóst, hvers eðlis viðskiptin hafi verið. Engin lánsskjöl hafi verið lögð fram af hálfu stefnanda og því ekki ljóst, hvort stefnandi hafi lánað stefnda beint eða leyst til sín kröfu hins þýska banka sem ábyrgðaraðili. Stefnandi hljóti að þurfa að sýna fram á það, hvernig krafa hans á hendur stefnda sé til komin. Núverandi forráðamenn stefnda viti ekkert um viðskipti þessi. Fylgiskjöl frá árinu 1985 séu ekki lengur tiltæk, og þeir hluthafar, sem nú eiga og reka hið stefnda hlutfélag, séu ekki hinir sömu og ráku Nesport hf. árið 1985.

Pá heldur stefndi því fram, að sé um kröfu að ræða, sé hún fyrnd, sbr. 4. tl. 3. gr. 1. nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á það, hvort og hvernig stefndi hafi skuldbundið sig gagnvart stefnanda. Eðli kröfu stefnanda skipti hér miklu máli, því að sé hún krafa samkvæmt ábyrgðarskuldbindingu, sé hún augljóslega fyrnd, sbr. 3. gr., 4. tl., fyrningarlaga.

Pá er því haldið fram, að hugsanleg krafa stefnanda sé niður fallin sökum tómlætis. Engin tilraun virðist hafa verið gerð til að innheimta hana fyrir en rúmum sjö árum eftir ætlaða tilurð hennar.

Um lagarök vísar stefndi almennt til kröfuréttar um stofnun kröfuréttar á hendur gagnaðila. Vísað er til fyrningarlaga nr. 14/1905, aðallega 3. gr. Enn fremur er vísað til tómlætisreglunnar, sem talin er grundvallarregla í íslensku réttarfari. Um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

III.

Niðurstaða.

Samkvæmt gögnum málsins sótti Nesport hf. um lán hjá stefnanda 15. ágúst 1985 vegna innflutnings á sendibifreið. Umbeðin lánsfjárhæð var DEM 28.500, en veitt var lánsheimild fyrir 80% af þeirri fjárhæð, DEM

22.800. Af fram lögðum millifærsluseðli stefnanda verður ráðið, að til skuldarinnar hafi verið stofnað 21. ágúst 1985, er 336.411,70 kr. voru færðar stefnda til gjalda sem andvirði erlends láns, DEM 22.800, á gengi 14.7549. Á millifærsluseðli er tilgreindur gjalddagi hins erlenda láns 21. febrúar 1986, en sérstöku lánskjali er ekki til að dreifa. Hins vegar liggur fyrir ódagsett-ur tryggingarvígill, að fjárhæð DEM 22.800, út gefinn og framseldur af Ásgeiri Ásgeirssyni, en samþykktur til greiðslu af Nesport hf.

Krafa sú, sem hér um ræðir, er skilgreind sem erlent endurlán hjá stefnanda, og verður ekki séð, að um ábyrgðarskuldbindingu sé að ræða. Um kröfuna gilda lögbundnar fyrningarreglur, og er fyrningarfrestur tíu ár samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Krafan á hendur stefnda var því ekki fyrnd, er mál þetta var þingfest 29. apríl 1993.

Lánveiting sú, sem hér um ræðir, var veitt til sex mánaða með gjalddaga 21. febrúar 1986. Ekkert liggur fyrir um það, að reynt hafi verið að innheimta skuldina fyrr en með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 23. október 1992. Var þá liðið rúmlega 6½ ár frá gjalddaga kröfunnar og nýir hluthafar teknir við rekstri stefnda, sem áður hét Nesport hf.

Stefnandi gerir aðalkröfu um endurgreiðslu lánsins miðað við gengi þýskra marka. Þegar litið er til þess, að skjöl skortir um hina erlendu skuldbindingu, verður ekki séð, að fullnægt sé skilyrðum 38. og 39. gr. laga nr. 13/1979 um verðtryggingu kröfunnar miðað við gengi erlends gjaldeyris, auk þess sem mjög mikils tómlætis hefir gætt um innheimtu hennar samkvæmt framansögðu. Ber því að hafna aðalkröfu stefnanda í málinu.

Niðurstaða málsins verður í samræmi við varakröfu stefnda í málinu um greiðslu á 336.411,70 kr. með dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. apríl 1989 til greiðsludags og að málskostnaður verði látinn falla niður. Er þá litið til tómlætis stefnanda um innheimtu kröfunnar.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Geiri hf., greiði stefnanda, Landsbanka Íslands, 336.411,70 kr., með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. apríl 1989 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.